

76

14. júlí

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Neskaupstað
frá 7. febrúar 1929.

Við 3. gr. samþykktarinnar bætist:

Ennfremur skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4. s. d. á laugardög-
um yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. 17. júní sé lokað allan daginn.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt
lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi,
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

77

14. júlí

R E G L U G E R Ð

um merking saltaðrar síldar, sem út er flutt frá Íslandi.

1. gr.

Á efri botn hveurrar sildartunnu skal brenna eða mála nafnið *ÍSLAND*, og
skal hæð stafanna vera 5 cm.

Fyrir ofan nafnið *ÍSLAND* skal mála tegundarheiti þeirrar síldar, sem í
tunnunni er, og skal öll síld flokkuð í fjóra flokka sem hér segir:

- a. MATJES, þ. e. magadregin léttverkuð síld af vanalegri stærð.
- b. SALTSÍLD, þ. e. algeng saltsíld af vanalegri stærð.
- c. KRYDDSIÐL, þ. e. síld, sem krydd hefir verið notað í saman við saltið án
tillits til þess hvort mikið eða lítið hefir verið notað af því.
- d. SÉRVERKUN, þ. e. öll önnur verkunarafbrigði, og skal sérverkunin til-
greind með einum bókstaf, fyrir ofan nafnið *SÉRVERKUN*, sem sýni í
hverju sérverkunin er fólgin, enda sé þessa nánar getið í farmskírteini.

Fyrir neðan nafnið *ÍSLAND* skal mála einkennisstafi eða nafn útflytjanda,
og þar fyrir neðan einkennisbókstafi lögsagnarumdæmis þess, sem síldin er
flutt frá.

Hæð annarra bókstafa, en í nafninu *ÍSLAND*, skal vera 2,8 cm.

Sé um minni tunnur að ræða en háltunnur skulu bókstafir merkja þeirra,
sem að ofan greinir, vera hlutfallslega minni.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skal varða sektum frá 50—1000 kr. Mál út af
brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.